



Reykjanesbær, 28. mars 2022

Erindi til Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.

Efni: Göngu/hjólastígur frá Keflavík til Hólmsvallar í Leiru.

Í Golfklúbbi Suðurnesja (GS) eru u.b.b. 700 meðlimir og því ljóst að margir eiga leið um svæðið. Það er mat stjórnenda klúbbsins að ef þangað lægi göngu- og hjólastígur yrði hann nýttur bæði af meðlimum klúbbsins svo og öðrum sem vildu ganga/hjóla sér til heilsubótar, enda fallegt umhverfi í kring. Einnig væri þá möguleiki fyrir yngra fólk að koma sér á svæðið en hjá okkur fer t.d. fram öflugt barna- og ungingastarf. Eins og staðan er núna er það ómögulegt með öllu fyrir börn, unglings og eldra fólk að koma á Hólmsvöll í Leiru nema akandi í bíl. Við teljum að möguleikinn á því að t.d. hjóla á golfæfingu myndi styrkja starfið heilmikið. Það er ósk stjórnenda GS að umhverfisráð íhugi þá aðgerð að leggja stíg á þessari leið þar sem óhætt væri fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur að eiga leið um, án þess að leggja sig í hættu við keyrandi umferð.

Golfíþróttin þjónar mikilvægu lýðheilsuhlutverki og með þessu væri hægt að auka þjónustu við golfáhugafólk auk þess sem að aðrir íbúar svæðisins myndu örugglega nýta sér aðstæðurnar og ganga og/eða hjóla í fallegu umhverfi. Þetta myndi einnig tengja heilsustígakerfi Reykjanesbæjar við golfvöllinn og væri stórt skref í langþráðri tengingu Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,



Andrea Ásgrímsdóttir
Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Suðurnesja